



## Hrein eign LSR 1.293 milljarðar í árslok 2022

Hrein eign LSR var 1.293 milljarðar króna í árslok 2022. Hrein raunávöxtun sjóðsins var -12,9% á árinu og þrátt fyrir afar krefjandi ár á fjármálamörkuðum er langtímaávöxtun sjóðsins góð. Hrein raunávöxtun síðustu 5 ára er 4,3% að meðaltali og 4,9% fyrir síðustu 10 ár.

Virkir sjóðfélagar voru að meðaltali 30.590 á árinu og fjölgaði þeim um ríflega 500 milli ára. Lífeyrisþegum fjölgaði einnig og var meðalfjöldi þeirra 24.244 á síðasta ári samanborið við 23.408 árið á undan. Lífeyrisgreiðslur árið 2022 voru rúmlega 83 milljarðar kr.


## Tilgreind séreign

Frá 1. júlí næstkomandi mun LSR bjóða sjóðfélögum að láta allt að 3,5% af launum renna í tilgreinda séreign og lækka á móti iðgjald sitt í samtryggingarsjóð. Tilgreind séreign líkist að mörgu leyti hefðbundinni séreign sem LSR hefur boðið upp á síðustu ár.

Helstu einkenni tilgreindrar séreignar eru að hægt er að fá greiðslur frá 62 ára aldri, hún er erfanleg og getur nýst til fyrstu íbúðarkaupna við ákveðin skilyrði. Á móti leiðir tilgreind séreign til að réttindi sjóðfélaga til ævilangs lífeyris minnka, sem og örorku- og makalífeyrisréttur. Þannig hentar tilgreind séreign ekki fyrir alla og æskilegt að sjóðfélagar sækji sér ráðgjöf hjá sjóðnum áður en ákvörðun er tekin.

Á [www.lsr.is](http://www.lsr.is) má finna frekari upplýsingar um tilgreinda séreign þar sem fjallað er m.a. um eiginleika þessarar nýju leiðar og áhrif hennar á ævilangan lífeyri, og örorku- og makalífeyri.

## Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



## Ársskýrsla LSR komin út

Ársskýrsla LSR fyrir starfsemi ársins 2022 er nú komin út og er aðgengileg á [lsr.is](http://lsr.is).

## Rafræn sjóðfélagayfirlit

Meðfylgjandi er sjóðfélagayfirlit þitt fyrir deildir LSR. Þetta er jafnframt síðasta yfirlitið sem LSR sendir til sjóðfélaga á pappír, því héðan í frá verða yfirlit send á rafrænt pósthólf á [Island.is](http://Island.is). Sjóðfélagar geta ávallt séð yfirlit yfir stöðu iðgjalda og réttinda á Mínum síðum á vef LSR.

## Hækkandi lífaldur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti í árslok 2021 nýja aðferðafræði við útreikninga á lífslíkum sem felur í sér að nú er gerð spá um lífslíkur fyrir hvern árgang fyrir sig. Samkvæmt þeim munu allir sjóðfélagar LSR að jafnaði lifa lengur en fyrri lífslíkur gerðu ráð fyrir en mislengi eftir aldri. Sem dæmi gera nýjar lífslíkur ráð fyrir að sjóðfélagi sem var 50 ára árið 2021 muni lifa 2,3 árum lengur en áður var reiknað með og því fá greiddan lífeyri lengur sem þeim árum nemur. Fjölgun eftirlaunaára leiðir til þess að skuldbindingar LSR aukast og við því þarf að bregðast til að tryggja að eignir og skuldbindingar séu í jafnvægi.

Viðbrögð sjóðsins eru tvenns konar. Í janúar sl. voru gerðar breytingar á réttindaávinnslu til framtíðar þar sem árleg réttindaávinnsla var lækkuð í samræmi við fjölgun eftirlaunaára, að meðaltali um 11,5%. Velji sjóðfélagi að seinka lífeyristöku sem nemur lengri lífaldri mun árleg fjárhæð eftirlauna verða sú sama og fyrir breytingar.

Síðara skrefið kemur til framkvæmda 1. júlí næstkomandi, en með því verða áunnin réttindi, þ.e. mánaðarleg réttindi fyrir þau iðgjöld sem þegar hafa verið innt af hendi, sett í jafnvægi með svipuðum hætti. Að meðaltali lækka árleg réttindi um 9,9% vegna þessara breytinga og greiðslur til lífeyrisþega í A-deild sem eru ekki með ríkistryggð réttindi lækka um 4,1%. Nánari upplýsingar um breytingarnar má finna á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

# Starfsemi á árinu 2022



## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2022

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iöggjöld	42.253	1.369	1.305	44.926
Lífeyrishækkanir	0	27.514	0	27.514
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldbindinga	12.298	8.949	0	21.247
Lífeyrir	(16.515)	(66.345)	(736)	(83.597)
Hreinar fjárfestingartekjur	(39.513)	(22.145)	(533)	(62.191)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.012)	(551)	(16)	(1.579)
Hækkun á hreinni eign á árinu	(2.489)	(51.209)	19	(53.680)
Hrein eign frá fyrra ári	1.024.403	297.382	25.029	1.346.813
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>1.021.913</b>	<b>246.172</b>	<b>25.048</b>	<b>1.293.133</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Efnahagsreikningur 31.12.2022

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	190.005	45.970	5.712	241.687
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	383.658	90.256	6.012	479.926
Ríkisskuldabréf	174.224	50.288	641	225.153
Útlán til sjóðfélaga	93.077	20.982	0	114.059
Önnur skuldabréf	157.675	25.638	457	183.771
Bankainnistæður	20.902	14.882	12.236	48.020
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	3.881	330	38	4.249
Skuldir	(1.509)	(2.174)	(49)	(3.732)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>1.021.913</b>	<b>246.172</b>	<b>25.048</b>	<b>1.293.133</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur 2022

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Samtals
Nafnávöxtun	-3,8%	-7,8%	-10,6%	-7,6%	9,4%	-4,6%
Hrein raunávöxtun	-12,1%	-15,9%	-18,3%	-15,6%	0,0%	-12,9%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	4,3%	4,0%	4,0%	2,0%	0,8%	4,3%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,0%	4,8%	4,4%	3,2%	1,5%	4,9%
Verðbréfaeign í íslenskum krónum	58,5%	59,2%	48,2%	73,4%	100,0%	59,0%
Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum	41,5%	40,8%	51,8%	26,6%	0,0%	41,0%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	29.358	1.034	970	711	1.311	30.590
Meðalfjöldi lífeyrisþega	11.183	18.204	59	25	159	24.244
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,10%	0,20%	0,07%	0,08%	0,05%	0,12%


## Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2022

	A-deild
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	63.567
Hrein eign í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	6,7%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(94.742)
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-5,8%

Fjárhæðir í milljónum króna


## Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna




## Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



## Verðbréfaeign 2022



## Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður stjórnar,  
Guðrún Ögmundsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Áslaug María Friðriksdóttir, Jökull Heiðdal Úlfsson,  
Magnús Þór Jónsson, Unnur Pétursdóttir,  
Viðar Helgason, Þórveig Þormóðsdóttir

## Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir

